

# Smitrakning og sóttkví


## Leiðbeiningar um smitragningu á vinnustöðum.

**Hvatt er til að hólfaskipta sem mest og takmarka umgengni milli hólfra eins og kostur er. Tilgangurinn er að draga úr útbreiðslu COVID-19.**

Smitrakning miðast við daginn áður en einstaklingur varð var við einkenni eða daginn fyrir sýnatöku, ef hann er einkennalaus. Þeir einstaklingar sem hafa verið útsettir fyrir COVID-19 smiti þurfa að fara í sóttkví.

## Almenn viðmið notuð til að meta þörf á sóttkví

- Ef samvera (útsetning) var lengri en 15 mínútur í einu og minni en tveggja metra nánd.
- Náin samskipti (faðmlög).
- Endurtekin samskipti við hinn smitaða.
  - Jafnvel þó að samvera hafi verið styttri en 15 mínútur.
  - Löng dvöl í sama rými innandyra á heimili/vinnustað.
  - Endurtekin samskipti.
  - Margir sameiginlegir snertifletir.



**Smitaður einstaklingur**

**Mikil samvera**

Sóttkví – PCR-próf á 5. degi.

**Minni samvera**

Smitgát – Hraðpróf á 1. og 4. degi.

**Huga að einkennum**

Ef einn greinist fer í gang smitragning og ferlið byrjar aftur.

## Ef starfsmaður greinist með COVID-19

- **Einangrun** er fyrir þann sem er með staðfesta COVID-19 sýkingu (rauður). ●
- **Sóttkví** tekur til þeirra sem sá smitaði hafði mest samskipti við (appelsínugulur). ●
  - Starfsmenn sem voru í miklum samskiptum við þann smitaða.
  - Unnu saman í rými, ef það var lokað eða illa loftræst.
  - Voru saman í mat eða kaffi.
    - Fara í sóttkví og sýnatöku eftir 5 daga.
- **Smitgát** nær til eftirfarandi (gulur). ●
  - Voru í samskiptum við þann smitaða sem teljast ekki mikil.
  - Voru í sama hólf.
  - Voru í sama vinnurými en það var vel loftræst og engin nánd nema í stuttan tíma.
    - Fara í smitgát og geta áfram mætt til vinnu.
    - Hraðpróf daginn eftir að smit uppgötvast og aftur eftir fjóra daga.
  - Ef einstaklingur greinist jákvæður í hraðprófi fer hann í einangrun og fær strikamerki og boðun í PCR-próf. Smitrakning hefst ef niðurstaða PCR-prófs er jákvæð.

- **Vera meðvituð** (grænn). ●
  - Voru í litlum eða engum samskiptum við þann smitaða.
  - Voru í sama hólf en ekki á sama tíma á stöðum líkt og kaffistofu.
  - Engin sóttkví og engin próf.
  - Fylgjast með einkennum.
- Ef einstaklingur í græna hring greinist þá fer smitragningarferli í gang.

**Ákvörðun um sóttkví er alltaf í höndum smitragningarteymis sóttvarnalæknis og almannavarna. Hér er leitast við að skýra grunnmarkmið teymisins. Aðstæður hverju sinni eru metnar og gildir ákvörðun smitragningarteymisins sem er kæránleg til dómstóla. Kæra frestar ekki framkvæmd.**



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health